

Nd.

336. Breytingartillaga

[187. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Frá Guðrúnu Agnarsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur.

3. gr. orðist svo:

1. mgr. 67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskatt manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reikna af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. í þremur þrepum sem hér segir:

1. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem ekki er yfir 200 000 kr., skal reikna 20%.

2. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem umfram er það tekjumark sem nefnt er í 1. þrepi en ekki er yfir 400 000 kr., skal reikna 31%.

3. þrep: Af þeim hluta tekjuskattsstofns, sem er umfram 400 000 kr., skal reikna 44%.

Frá þannig reiknuðum tekjuskatti skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.